

**92. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
6. nóvember 2018 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson varaformaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir aðalmaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1612106 - Guðlaug - heit laug**

Óskað er umsagna skóla- og frístundaráðs vegna forsenda við rekstur Guðlaugar á árinu 2019.

*Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Agústa Rósa Andrésdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja sitja fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir kynningu á uppbyggingu og rekstraráætlun Guðlaugar - heitri laug. Ráðið fagnar jafnframt þeim áfanga að á næstunni verði Guðlaug opnuð fyrir almenning.*

*Skóla- og frístundaráð er sammála þeirri ákvörðun að rekstur Guðlaugar falli undir ábyrgðarsvið forstöðumanns íþróttamannvirkja og væntir þess að reksturinn falli vel að annarri starfsemi á íþróttasvæðinu á Jaðarsbökkum. Mikilvægt er að fyrsta árið í starfseminni verði nýtt til þess að safna upplýsingum til að móta framtíðar rekstrarform á lauginni. Einnig leggur ráðið áherslu á að virkt samstarf verði milli skóla- og frístundasviðs og skipulags- og umhverfissviðs við þróun svæðisins og við stefnumótunaraðila ferðapjónustunnar hjá Akraneskaupstað.*

**2. 1811019 - Leikvellir Akraneskaupstaðar**

Umhverfisstjóri Sindri Birgisson segir frá stöðu leikvalla á Akranesi

*Sindri Birgisson umhverfisstjóri situr fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar góða kynningu og óskar eftir því að umhverfisstjóri komi inn á fund ráðsins í vor og kynni viðhaldsáætlun fyrir leikvelli og stofnanalóðir.*

*Skóla- og frístundaráð leggur til við skipulags- og umhverfissvið að ráðið komi að mótun framtíðarstefnu um uppbyggingu á leikvöllum á Akranesi.*

**3. 1811003 - Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs - úthlutun haust 2018**

Auglýst var eftir umsóknum um styrki í þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs og var umsóknarfrestur til 31. október 2018. Til ráðstöfunar eru kr. 835.000. Alls bárust þrjár umsóknir.

*Skóla- og frístundaráð leggur til að það fjármagn sem er til ráðstöfunar skiptist þannig að Þorpið fái kr. 500.000 til verkefnisins "Að auka þátttöku barna og unglinga í skipulögðu íþróttastarfi með sérstaka áherslu á börn af erlendum*

BP

uppruna" og Grundaskóli fái kr. 330.000 fyrir verkefnið "Hugarró og vellíðan nemenda".

Ráðið telur að verkefnið Ungir gamlir falli ekki undir þróunarsjóðsverkefni, þar sem það hefur þegar sannað gildi sitt. Ráðið bendir á að umsóknir í styrkjasjóð menningar- og íþróttamála er opin og gæti verkefnið átt heima þar.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:45.**

Bárc DaScdottir  
Sandra M. Sigjónsd.  
Ragnar Samundsson